



# Fundargerð

## Stjórnarfundur Þyts

Stjórnarfundur haldinn í gegnum Google Meets (vegna veðurs) þann 5. Febrúar 2025

Fundur hófst: 17:00

Fundi slitið: 20:00

**Fundinn sátu:** Helga Veronica Foldar, Pura Z.Þórðar, Haukur Vagnsson, Rán Pétursdóttir, Þóra Björk Elvarsdóttir

Funargerð ritaði: Rán

### Dagskrá

#### 1. Fundargerð Aðalfundar og okkar örfundar

- Fundargerðin fyrir aðalfundar samþykkt og ritari setur inn á netið fyrir auka aðalfund 9. Febrúar.
- Fundargerð frá stjórnafundi 2. febrúar samþykkt.

#### 2. Verkefnalistinn fyrir komandi tímabil, Sala skjalið og fleira.

- Rán þarf að senda sín skjöl á Þóru sem setur það inn á google drive – Helga Veronica ætlar að vera salarstjóri og halda utan salarleiguna.

#### 3. Samningur við SKFÍ Afgreitt dsv

- Fundur við Arnbjörn formann SKFÍ á þriðjudaginn 11. Febrúar kl. 20:00.
- Haukur fór yfir samtal sem hann átti við Arnbjörn. Þeir hafa klárað öll sín mál og þeir eiga rúmar 6 milljónir í sjóð og eiga húsnæðið sitt sem er metið á 7 milljónir ásamt pressunum. Formaður SKFÍ fyrir sér að ef þeir sameinast Þyt myndu þessir fjármunir renna inn í Þyt. Þetta stangast á við upplýsingar sem fyrri stjórn fékk frá fundi með félagsmönnum SKFÍ og eftir fundi með meðlimum fyrri stjórnar og Arinbjörns. Jafnframt kom tillaga frá Hauk að vera mögulega með einangraðan gám í stað þess að byggja aðstæðuna innan húsnæði Þyts sem Arnbjörn tók vel í.
- Það þarf svo að fara betur yfir önnur atriði sem stjórn hefur í huga og og spyrja á næsta fundi með þeim.
- Ný stjórn fær aðgang að fyrri drögum að samningi sem hún fer yfir fyrir næsta fund.

#### 4. Húsreglur, aðgangskort, öryggiskerfi

- Helga Veronica er búin að fá álit á öryggiskerfi Þyts frá Bjarna og úr því kom sú niðurstaða að yfirfara þarf kerfið og uppfæra. Það vantar myndavélar í portið og á skútubryggjuna ásamt því að uppfæra þær sem eru inn í húsnæði Þyts. Stjórn samykkir að Bjarni komi til að yfirfara þetta með Hauki varaformanni.
- Stækka upp húsreglurnar og gera þær sýnilegri í húsnæði Þyts. Setja þær inn á drive svo að stjórn geti yfirfarið þær og komið með tillögu að úrbótum. Þóra tekur að sér að yfirfara reglurnar og Bjarki tekur að sér að vera húsvörður.
- Það þarf að huga að því hvernig þrifum er háttað, tillaga um að kaupa þrif eftir þörfum og væri þörfin metin af þeim sem sjá um hvert svæði fyrir sig. Það er þá hægt að sameina og taka fleiri en eitt svæði þegar verið er að kaupa þrifin.



# Fundargerð

## Stjórnarfundur Þyts

- d. Kíkja yfir aðgangskortakerfið og hvaðan kerfið er – Haukur fær þetta verkefni.
- e. Það þarf að hafa skrá yfir búnað Þyts og það þarf að vera búnaðarstjóri sem heldur utan um búnað Þyts og ástand þess.
- f. Vera með þrepaskipta verðskrá þar sem að þú getur verið félagsmaður, félagsmaður með aðgang að húsi og félagsmaður með aðgang að húsi og búnaði.

### 5. Kjölbáta, Kænu og Kajak/Sup hópar = Manna þær eða tillögur?

- a. Lagt til að skipa fólk í mismunandi hlutverk innan Þyts og að stjórn skrifar lýsingu á hlutverkinu svo að hver sá sem tekur þau að sér veit hvað í þeim felst.
- b. Stjórn stingur upp á að Benni verði verkfstæðisstjóri en hann hefur boðist til þess. Helga talar við hann á meðan að á fundi stendur og hann samþykkir það.
- c. Búnaðarstjóri, heldur utan um skrá og ástand búnaðar Þyts- Pura tekur að sér það hlutverk. Það þarf að fá alla sem eiga kayak í húsum Þyts til að koma þeim upplýsingum á stjórn.
- d. Aðstöðunefnd - Spurning hvort við eigum að endurvekja hana þar sem að það þarf að fara að huga að byggingu nýs húss.
- e. Athuga hvort að Jón Kristinn vilji vera áfram formaður kayakdeildar og Guðmundur sem auka maður. Rán getur haft samband við Jón Kristinn.
- f. Markús er búinn að sýna áhuga á því að vera formaður kjölbátadeildar og stjórn leggur til að hann komi á fund við okkur og farið verði yfir hlutverkið og einnig forvitnast um það hvernig viðvera hans verður í sumar.
- g. Rán tekur að sér að vera markaðs- og upplýsingafulltrúi Þyts. Í því fælist að setja m.a. fréttatilkynningar inn á síðuna.

### 6. Eldhús og skrifstofa / Helga og Thura skoða

- a. Helga og Thura ætla að fara í að skoða eldhúsinnréttingu fyrir kaffistofu Þyts og búið er að samþykka kaup á nýjum húsgögnum á skrifstofu.

### 7. Viðkvæmt mál sem þarf að klára

- a. Helga Veronica leggur til að samskiptaráðgjafi á vegum ÍSÍ komi á fund með stjórn og foreldrum til að upplýsa foreldra um það. Atvikið átti sér stað á meðan opnu húsi stóð.
- b. HV hefur samband við samskiptaráðgjafa til að fá ráðgjöf hjá henni um það hversu stóran hóp þarf að boða og samskiptaráðgjafi sér svo um fundinn en stjórn er viðstödd.
- c. Aðilinn þarf að fjarlægja dótið sitt.
- d. Í framhaldi af þessu þá er það niðurstaða stjórnar að allir þurfa að skila inn sakavottorð sem koma að barnastarfi.

### 8. Önnur mál

- a. Formaður vill að Lufa fái pláss fyrir innan girðingar til að sinna viðhaldi á henni og allir fundarmenn taka vel í það.



# Fundargerð

## Stjórnarfundur Þyts

- b. Það væri flott ef að haft yrði samband við þá sem eiga þá þessa skel sem er innan girðingar sem enginn virðist eiga. Haukur leggur til að haft verði samband við þá sem voru í Þyt og að brasa í þessu á sínum tíma og athugað hvort þeir viti eitthvað hvernig Þytur geti losnað við þetta af sínu svæði. Haukur tekur það að sér.
- c. 6. Bekkja heimsóknir – Rán fer af stað með að hafa samband við skólana.
- d. Haukur óskar eftir því að fá upplýsingar um greiðslur sem Þytur fær frá Hafnarfjarðarbæ til þess að vera sem best upplýstur um samninga milli félagsins og bæjarins til að geta hafið samtalið um áframhaldandi samning. Helga Veronica sendir það á hann.
- e. HV og Þóra fara yfir gjaldkeramál þar sem Þóra er að taka við af Helgu sem gjaldkeri.
- f. Rætt um hverjir hafa réttindi á gæslubátana. Fyrri stjórn útskýrir fyrirkomulagið með gæslubátaæfingar og það kemur jafnframt fram að krakkarnir sem kláruðu þjálfar námskeið í fyrra á vegum SÍL hafa þessi réttindi.